



Ávarp forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar

Þjóðarvitund Íslendinga á sér rætur í sagnaarfi landnemanna, frásögnum af fólki sem yfirgaf fyrri heimkynni og settist hér að. Uppruni okkar er áminning um nauðsyn þess að auðvelda fólki úr ólíkum áttum að búa saman.

Það tók nýbúana sem komnir voru frá Noregi, Danmörku, Írlandi og víðar að allnokkra áratugi að ná samkomulagi um lög og rétt, formið sem sambúð þeirra í nýju landi yrði búið.

Þessa arfs er gott að minnast þegar við tökumst nú á við það verkefni að auðvelda ungmennum af erlendum uppruna að eignast farsæla framtíð í nýju landi.

Á skömmum tíma hefur fjöldi fólks úr ýmsum heimshornum sest hér að. Ísland er nú meðal þeirra landa í Evrópu sem hafa einna hæst hlutfall íbúa sem fæddir eru í öðrum löndum. Þetta er mikil breyting frá því að ég var ungur drengur vestur á fjörðum. Þá hittum við bara einn og einn Færeying. Nú býr fyrir vestan fólk frá meira en fjörutíu þjóðlöndum og hliðstæð þróun hefur orðið í nær öllum öðrum byggðum landsins.

Áríðandi er að vel takist að greiða götu hinna nýju landsmanna inn í samfélagið sem hér hefur þróast um leið og menning þeirra og siðir geta á jákvæðan hátt aukið fjölbreytnina.

Einkum er mikilvægt að ungmennin verði ánægð, gangi vel í skóla, nái tökum á íslenskunni og finni sér gott starf við hæfi. Við þurfum að hlusta vel á raddir þeirra, læra af reynslunni og vera reiðubúin til að breyta skipulagi í því skyni að bæta árangurinn.

Það er ekki til nein einföld forskrift eða töfralausn. Við erum öll saman í óvissuferð.

Fjár sjóður reynslunnar er þó dýrmætt veganesti. Verkefnið Framtíð í nýju landi hefur eflt hann og auðgað til muna.

Sú lokaskýrsla sem hér birtist er góður grundvöllur umræðna og aðgerða, leiðarvísir sem allir sem málið snertir þurfa að skoða vel. Árangurinn á komandi árum er háður því að viðtæk samvinna festist í sessi.